

Bráðabirgðalög

45
2. okt.

um

skiftimynt úr eirnikkel.

Vjer Crhistian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherrann hefur tjáð Oss, að vegna þess að um langan tína hefur verið mjög tilfinnanleg þurð á nauðsynlegri skiftimynt á Íslandi, sjerstaklega 10-eyringum og 25-eyringum, svo vandræði hafa orðið í daglegum viðskiftum, virðist óhjákvæmilegt að slá sjerstaka íslenska 10-eyringa og 25-eyringa nú þegar, áður en reglulegt Alþingi kemur saman; enda skoraði síðasta Alþingi á stjórnina, að gera ráðstafanir í þessa átt. Fyrir því teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þvermál millimetrar	Þyngd brúttó gröm	Málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	} 75 hlutar að þyngd af eiri 25 hlutar að þyngd af nikkel.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndinni.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir alt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikið, eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning hvaða ríkis

- 45** þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjald-
 2. okt. eyrir, þegar móttunin er svo mál, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum frá 10—10,000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. október 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.

46
 28. des.

Auglýsing

um

samning milli Danmerkur og Íslands um að hvort ríkjanna skuli veita nauðstöddum sjómönnum hins hjálp í einstökum tilfellum.

Í ráðuneyti utanríkismálanna hefur 9. október þ. á. verið ritað undir svofeldan samning:

Parsem stjórn Danmerkur og stjórn Íslands óska að setja ákvæði um hjálp þá, sem veita ber í vissum tilfellum nauðstöddum sjómönnum frá hvoru landinu um sig, þá hafa undirritaðir, að þar til fengnu kon-

Da den danske Regering og den islandske Regering ønsker at træffe Bestemmelse om den Understøttelse, som i visse Tilfælde skal ydes nødlidende Sømand fra de respektive Lande, er undertegnede efter dertil